



Fréttabréf Brekkuskóla

7. apríl 2015
8. tbl. skólaárið 2012- 2013
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir



Ágæta skólasamfélag.

Dagarnir fram að páskaleyfi voru viðburðaríkir hjá okkur. **Morgunmóttökur** hófu göngu sína á ný þar sem 2. og 4. bekkur fengu foreldra sína í heimsókn.

Hlíðarfjall var á dagskrá marsmánaðar, upplestrarkeppnin í 7. bekk, heimsóknir gesta, **Brekkuvísið** hæfileikakeppnin var á sínum stað og **söngsalur** braut upp síðustu dagana fyrir páskaleyfi. Allt þetta var á dagskrá utan þeirrar hefðbundnu samkvæmt stundaskrá.

Fulltrúar frá **Námsgagnastofnun** heimsóttu skólann í mánuðinum og fengu hugmyndir frá kennurum skólans um útgáfu námsgagna. **Leikskólabörn** sem hefja grunnskólagöngu sína í haust komu í heimsókn og æfðu sig að þessu sinni að vera í kennslustund og fara með hópnum í matsalinn að borða. Það er alltaf ánægjulegt að taka á móti gestum og sýna þeim bæði góðan skóla og gott starf.

Í vetur hefur starfshópur kennara og stýrihópur sjónnenda, í samstarfi við **Miðstöð skólaþróunar** við Háskólann á Akureyri undirbúið vinnu sem er ætlað að móta **læsisstefnu** fyrir leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar. Stefnt er að því að kynna fyrstu skref áætlunar fyrir mótun stefnunnar í grunnskólum og safna hugmyndum um framkvæmd hennar frá kennurum á næstu vikum. Í haust verður þráðurinn tekinn upp að nýju með því að bjóða kennurum og stjórnendum upp á málþing um læsi. Þá er stefnt að því að þriggja ára áætlun liggi fyrir haustið 2015.

Kennurum Brekkuskóla býðst þátttaka í **átaki í upplýsingatækni** sem kallast **Samspil 2015** og er stýrt af Menntamiðju sem er starfssamfélag skólafólks á netinu. Staðbundið námskeið verður haldið hér í Brekkuskóla nú í apríl og eru því hæg heimatökin að sækja það. Námskeiðið kom á góðum tímapunkti fyrir þróunarverkefnið "Rafrænt nám í Brekkuskóla", en gert var ráð fyrir jafningjafraeðslu fram að vori í því verkefni. Samspilsverkefnið gerir ráð fyrir að þátttakendur deili reynslu, upplýsingum og hugmyndum í átakinu sem fer fram bæði á netinu og með staðbundnum námskeiðum á öllu landinu.

Nordplus verkefnið er á góðum stað og hafa nemendur ásamt hópstjórum verið að kynna niðurstöður skólaþingsins innan skólans ásamt því að kenna á Kahoot smáforritið. Tekin hafa verið viðtöl við kennara og nemendur í fjölmörgum þar sem verkefnið hefur vakið verðskuldaða athygli. Þar að auki eru þáttökukennarar farnir að kynna viðfangsefnið fyrir kennaranemum í Háskólanum á Akureyri og víðar. Nordplusvalnámsgreinin undirbýr sig nú undir vinnu með ljóð og ljóðagerð með aðstoð tækninnar og kennarar undirbúa ferð til Lettlands þar sem stefnan er tekin á að gera áætlun um notkun UST sem starfsfólk getur auðveldlega nýtt sér.

Framundan er vorið góða grænt og hlýtt og þá gerum við ráð fyrir að fara meira út að leika og læra. Í ár höldum við **Brekkuskólaleika** þann 13. maí 2015 og hefst undirbúningur leikanna í lok apríl.

Með vorkveðju úr Brekkuskóla
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri

Kahoot slær í gegn

Smáforritið Kahoot hefur verið í þó nokkurri notkun í elstu bekkjum skólans að undanförunu. Forritið gefur kost á að setja upp spurningar úr námsefninu og svarmöguleika fyrir þátttakendur. Árangur þátttakenda birtist jafnóðum, listaður upp eftir því hvernig einstaklingurinn eða hópurinn stendur sig. Verkefnið í Kahoot skapa oft mikla spennu og hentar vel nemendum sem hafa gagn og gaman af keppni. Hér fyrir neðan má sjá svipmyndir úr kennslustundum þar sem nemendur eru að leita svara í námsbók jafnóðum og spurningar birtast. Þá er gott að vera búinn að kynna sér efnið vel til að láta ekki svörin vefjast fyrir sér.



Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Niðurstöður skólaþings - 2. hluti af 5 **Tækni og nám**



Við höldum hér áfram að birta niðurstöður skólaþings frá 16. október 2014. Í síðasta blaði birtum við niðurstöður úr umræðum sem tengdust netöryggi. Að þessu sinni kynnum við niðurstöður frá hópnum sem ræddi tækni og nám. Hópurinn sem fjallaði um þetta málefni leitaðist við að svara eftirfarandi tveimur spurningum:

Hvernig er hægt að nýta tækni til náms?

Með því að hafa hæfilegan búnað og hugbúnað. Ipadar og hugbúnað fyrir þá, hljóðbækur, tölvur, gagnvirkar töflur og skjávarpar var helst nefnt.

Nám getur farið fram með rafrænum samskiptum:

Samskipti í námi geta farið fram í gegnum netpóst og námsumhverfi á netinu. Kennsla með tækni styður tungumálanám.

Kennsluumhverfi sem nefnd voru:

Nams.is, Mentor.is (infomentor.is), Moodle (opinn hugbúnaður - námsumhverfi)

Í samskiptaforritum s.s. facebook, Google drive, Rafrænt nám (e- learning), uzdevumi.lv

Miðlun náms fer fram með:

Google, smáforritum (öppum), myndskaiðum, þýðingarforritum, myndum, tónlist, efni um áhugamál og sem veita ánægju, efni sem krefst útsjónarsemi, með slæðum/ kynningarforritum, islex.is, wikipedia, iMovie og tölvuleikjum svo dæmi sé tekið.

Við nýtum gögn á netinu:

Til að skipuleggja, gera sjálfsmat og jafningjamat, fyrir upplýsingaleit og leit að öruggum upplýsingum, nýtum sjónvarpsþætti, við nýtum netið til uppsprettu að einhverju meiru, til að finna ýmsar aðferðir og til að leita nýrrar þekkingar.

Hvernig getur tæknin gert námið árangursríkara?

- Tækning eykur fjölbreytni
- Tæknin eykur áhuga og gleði
- Tæknin er hjálpartæki vegna námsörðugleika
- Tæknin auðveldar aðgang að upplýsingum
- Tæknin einfaldar samskipti og eflir samvinnu





Svipmyndir úr skólastarfinu



Fulltrúar Brekkuskóla á
Upplestrarhátíð
grunnskólanna voru þau Sævaldur
og Andrea sem stóðu sig mjög vel.

Skólahreysti
3. sætið!

Anton, Dagur, Þórey Edda og
Helga María



Sólmyrkvi
20. mars 2015




Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Viðburðadagatal og matseðill - apríl 2015

5.	6. apríl Páskaleyfi Annar í páskum	7. Soðið slátur, kartöflur, sósa, grænmeti og ávextir Kennsla hefst skv. stundaskrá	8. Gufusóðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	9. Grænmetisbuff, sósa, salat og ávextir Skólaball 1. - 3. b. kl. 16:00 - 17:30 og 4. - 6. b. kl. 18:00 - 20:00 sjá nánar á vef skólans	10. Grjónagrautur, slátur og ávextir	11.
12.	13. Hátíðarkjöthleifur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	14. Lax, kartöflur, sósa, salat og ávextir Morgunmóttaka hjá 9.- 10. bekk	15. Kjöt í karrý, kartöflur, hrísgrjón, salat og ávextir	16. Fiskréttur, kartöflur, salat og ávextir Morgunmóttaka hjá 5. bekk	17. Makkarónusúpa, brauð, álegg og ávextir	18.
19.	20. Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	21. Kjöt og kjötsúpa og ávextir	22. Tortilla, hakk, grænmeti, sósa og ávextir Morgunmóttaka hjá 6. bekk	23. Sumardagurinn fyrsti Frídagur 	24. Starfsdagur Fristund lokuð	25.
26.	27. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	28. Lasagne, brauð, salat og ávextir Morgunmóttaka hjá 1. bekk	29. Brauðaður fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Morgunmóttaka hjá 7.- 8. bekk	30. Píta, grænmeti, sósa og ávextir	1. maí	

Brekkuvision hæfileikakeppnin

Hæfileikakeppnin Brekkuvision í 5. - 7. bekk tókst með ágætum og alltaf jafn ánægjulegt að sjá hvað nemendur verða sífellt þjálfðri í að koma fram á sviði. Fjölbreytnin var mikil líkt og fyrri ár. Mikil spenna ríkti meðal þeirra sem tóku þátt og allir kepptust við að styðja sinn fulltrúa á sviðinu. Áður höfðu keppendur valið sinn fulltrúa með tilheyrandi kosningu. Dómnefndin stóð frammi fyrir miklum vanda þegar velja átti sigurvegarana og sögðu þau að allir sem tóku þátt hefðu í raun verið sigurvegarar, hver á sinn hátt.

Að þessu sinni kom ekkert atriði frá 10. árgangi en 8. og 9. árgangur héldu hæfileikahátíð sem heppnaðist mjög vel. Breytingin er ef til vill upptaktur að því sem koma skal í framtíðinni þar sem dregið verður úr keppni milli árganga/námshópa og ríkari áhersla lögð á almennari þátttöku. Haldin verði hátíð þar sem allir eru í raun sigurvegarar í stað keppni.



Sigurvegarar í Brekkuvision hæfileikakeppninni í 5. - 7. bekk